

Umsögn um:

“Verndaráætlun fyrir Skrúð í Dýrafirði DRÖG”

Liðir 1. til og með 4. tel ég ekki að þarfnist umsagnar við þar sem það eru fyrst og fremst upplýsingar .

Fimmti liður - framtíðarsýn og markmið: Get ekki annað en tekið undir það sem þar kemur fram. Skrúður hefur það mikla sérstöðu meðal íslenskra skrúðagarða að telja ber að okkur sé skylt að varðveita hann í þeim anda sem frumkvöðlar garðsins lögðu upp með og hefur í stórum dráttum tekist að halda við til dagsins í dag. Þetta er sá garður sem allir skrúðagarðar draga nafn sitt af og hefur jafnframt hlotið alþjóðlega viðurkenningu (Carlo Scarpa).

Sjötti liður – aðgengi, innviðir og nýting: Þar sem fjallað er um helstu hættur sem stafa að garðinum vil ég koma á framfæri að ágangur búfjár telst hverfandi hætta þar sem allt búfjárhald er lagst af utan Mýra í Dýrafirði, en vissulega, er alltaf möguleiki á flækings skepnum sem virða engin landamæri. Einnig er það mitt mat að flóðahætta sé hverfandi enda ekki mikið hægt að gera til að varna því, nema þá með einhverji mannvirkjagerð sem ég held að myndi rasta miklu og skemma ásýnd svæðisins þannig að ég get ekki séð að það sé æskilegt. Tek undir þetta með ferðamennina. Tel að garðurinn beri tæplega meira en 10.000 gesti yfir sumarið – sérstaklega ef bleytutíð er. Það er ógjörningur, samkvæmt minni reynslu, að halda fólki eingöngu á göngustígum þeim sem eru í garðinum – þar sem þeir rúma ekki stóran hóp fólks og ná ekki yfir allar leiðir sem eru skoðunar verðar.

Sjöundi liður -viðhald, rekstur og eftirlit: Lítið sem þar er við að bæta annað en taka undir það sem kemur fram um að mikilvægt er að starfandi sé umsjónarmaður í garðinum sem annist garðinn (umhirða og eftirlit). Síðustu tvö sumur hefur garðinum verið sinnt frá garðyrkjudeildinni á Ísafirði. Þrátt fyrir slátt og nauðsynlegustu umhirðu má sjá merki þess að það sé ekki nóg til að halda garðinum sýningar-hæfum og í top standi.

Níundi liður – aðgerðir: Fyrst er fjallað um árlegar aðgerðir. Sá tími sem garðurinn þarf að vera sýningarhæfur getur að einhverju leyti takmarkast af veðurfari og snjóalögum. Oft hefur ekki snjó leyst, að öllu leyti, úr garðinum fyrr en eftir 20. maí eða jafnvel síðar. Fyrr en allur snjór er farinn úr garðinum tel ég ekki hægt að segja garðinn sýningarhæfan. Eins getur haustið gert okkur grikk að þessu leyti. Annars tek ég undir að lengja þarf tíman, í báða enda, sem garðurinn telst í sýningarhæfu ástandi. Umfjöllunin um hreinsun og viðhald er bara það sem þarf að gera og ekkert frekar um það að segja. Bæta má samt við að undir árlegt viðhald fellst líka viðhald göngustíga, hleðslna, hliða, bekkja, gróðurhús og annara ótalinna mannvirkja.

Einskiptisaðgerðir: Þar er spurning um forgangsröðun aðgerða. Gróðurhúsið er ekki boðlegt til sýningarhalds um sögu garðsins eins og verið hefur. Þakið er má segja ónýtt þar sem það lekur á alla kannta og það sem í húsinu er liggur undir skemmdum. **Tel það vera forgangs verkefni að lagfæra Gróðurhúsið.** Að mínu mati er engin þörf á að setja steypujárnsglugga í húsið þar sem núverandi

Járngluggar eru bara ágætir en brýnt er að skipta um þak og legg ég þá til að það verði gert með svipuðu efni og nú er, frekar en að leita til fortíðar með fyrirmynd. (Vissulega væri gaman að færa húsið til upparunalegs útlits en það kostar sitt.) Einnig eru komnar steypuskemmdir, sérstaklega við glugga, og smá sprungur í múrinn sem þarf að lagfæra. Ef þetta væri gert er gróðurhúsið ágætt, þó lítið sé, til að ramma inn sögusýningu garðsins.

Merkingum á gróðri hefur ekki verið haldið nógu vel við og má flokka það undir einskiptisaðgerð að setja upp nýjar merkingar, greina ómerktar tegundir og merkja. Til þess væri æskilegt að fá sérfróðan einstakling.

Ef í ljós kemur að einhverjar horfnar tegundir séu sögulega mikilvægar fyrir garðin tel ég að það vera sjálfsagt að athuga hvort bæta mætti úr því, en ekki tel ég það forgangs verkefni.

Eitt sem ekki hefur komið fram, er að tryggja þarf betur en nú er inntakið fyrir vatnsból garðsins en það er kannski hægt á einfaldan hátt með litlum sem engum tilkostnaði nema vinnu.

Ég var hér á undan (sbr. 6. lið) búin að taka afstöðu til ofanflóðahættunar.

Viðgerð á gróðurhúsi og marking plantna myndi ég setja sem forgangs verkefni.

Ráðning umsjónarmanns, viðgerð á gróðurhúsi og marking plantna krefst sérstakrar fjárveitingar þannig að brautargengi þessara tillagna eru háðar því að fjármagn fáiast.

Annað: Aðstaða umsjónarmanns við garðin er léleg og má segja að sé engin. Ég vil því árétta þær áætlanir (hugmyndir) sem eru í gangi varðandi aðstöðuhús. Þar yrði aðstaða starfsmans (fyrir áhöld og búnað ásamt öðru sem garðinum fylgir). Auk þess salernisaðstaða fyrir gesti sem er ekki síður mikilvægt.

Garðyrkjufulltrúi Ísafjarðarbæjar

Sighvatur Jón Þórarinsson